

Ellefti fundur sveitarstjórnar Eyja- og Miklaholtshrepps, haldinn að Breiðabliki fimmtudaginn 14. nóvember 2024 klukkan 20:00.

Mætt eru: Guðbjörg Gunnarsdóttir, Herdís Þórðardóttir, Þröstur Aðalbjarnarson, Veronika G. Sigurvinsdóttir og Sigurbjörg Ottesen, sem ritaði fundargerð.

Oddviti setti fund og bauð fundarmenn velkomna.

Eftirfarandi var tekið fyrir:

1. Viðauki 3

Viðauki 3 við fjárhagsáætlun 2024 samþykktur samhljóða vegna vatnsviðgerða í Laugargerðisskóla.

2. Útsvarsprósenta 2025

Oddviti leggur til að útsvarsprósenta verði 14,97 %.

Samþykkt samhljóða.

3. Gjaldskrár 2025

Seyrulosunargjald
Gjaldskrá 2025 uppfærist miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs.

Sorphirðu- og sorpeyðingargjald
Gjaldskrá 2025 uppfærist miðað við hækkun á vísitölu neysluverðs.

Samþykkt samhljóða.

4. Fasteignaskattur 2025

Fasteignaskattur 2025 tekinn til umræðu.

Afgreiðslu frestað til næsta fundar.

5. Skipulags- og byggingarmál

Skipulags- og byggingarmál sveitarfélagsins til umræðu.

Oddvita falið að kanna möguleika á þjónstu við málaflokkinn.

6. Gjaldfrjáls leikskóli

Sigurbjörg víkur af fundi.

Varaoddviti leggur fram tillögu um að leikskóli verði gjaldfrjáls fyrir öll leikskólabörn í sveitarfélaginu frá og með 1. janúar 2025, miðað við að hámarki 8 klst. vistun barna á leikskóla á dag.

Samþykkt samhljóða.

7. Bréf og minnisblað frá starfshópi á vegum SSV, varðandi mönnun á starfsstöðvum HVE

Starfshópur á vegum SSV hefur verið að störfum við að greina með hvaða hætti sveitarfélög á starfssvæði HVE geta komið að því að liðka fyrir og aðstoða við mönnun sérfræðinga á þessum svæðum.

Sveitarstjórn Eyja- og Miklaholtshrepps tekur undir mikilvægi þess að unnið verði að úrbótum á mönnunarvanda á starfsstöðvum HVE, í samstarfi við sveitarfélög á starfssvæði HVE.

8. Sóknaráætlun Vesturlands 2025-2029

Lögð fram til kynningar.

9. Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands

Bréf frá Skógræktarfélagi Íslands um vörsluskyldu búfjár lagt fram til kynningar.

10. Gjaldskrá Sorpurðurnar Vesturlands 2025

Gjaldskrá lögð fram.

11. Gjaldskrá Heilbrigðiseftirlits Vesturlands 2025

Gjaldskrá lögð fram.

12. Fundargerð 953. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

13. Fundargerð 954. fundar stjórnar Sambands íslenskra sveitarfélaga

Fundargerð lögð fram.

14. Fundargerð 192. fundur Heilbrigðisnefndar Vesturlands

Fundargerð lögð fram.

Fleira var ekki gert. Fundargerð upplestin og samþykkt. Fundi slitið kl. 21:30.

Guðbjörg Gunnarsdóttir – sign

Herdís Þórðardóttir – sign

Veronika G. Sigurvinsdóttir – sign

Þróstur Aðalbjarnarson – sign

Sigurbjörg Ottesen - sign